

Úthlutunarreglur íþróttastyrkja

Styrkjum Fjarðabyggðar til íþrótt- og tómstundamála er úthlutað annars vegar sem íþróttastyrkjum og hins vegar sem rekstrar- og uppbyggingastyrkjum.

Íþróttastyrkir nema 65% af fjárheimild fræðslu- og frístundanevndar til styrkjamála en rekstrar- og uppbyggingastyrkir nema 35% af sömu fjárheimild.

Fræðslu- og frístundanevnd hefur heimild til að breyta hlutfallsskiptingu milli íþróttastyrkja og rekstrar- og uppbyggingastyrkja við árlega úthlutun á styrkjum. Ákveði nefndin að breyta hlutfallsskiptingu skal sú ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 15. september ár hvert og hljóta samþykki bæjarráðs.

Íþróttastyrkir

Íþróttastyrkjum er skipt í fimm flokka og er hlutfallsleg skipting þeirra sem hér segir:

1. Meginfélög 45%
2. Ferðastyrkir 25%
3. Styrkir til samvinnuverkefna 20%
4. Afreksstyrkir 5%
5. Sérverkefni 5%

Nánari lýsing á flokkum íþróttastyrkja

1. Meginfélögin í Fjarðabyggð eru fimm; Austri, Leiknir, Valur, Súlan og Þróttur.
Þessi íþróttafélög eiga langa og farsæla sögu hvert í sínum byggðarkjarna og bjóða upp á fleiri en eina íþróttagrein fyrir börn og unglinga á aldrinum 0-18 ára auk þess sem þau sinna félags- og forvarnarstarfi og íþróttum fullorðinna. Styrknum er þannig skipt milli félaga að fyrst eru 8% dregin frá sem ætluð eru leikjanámskeiðum. Þá er 10% upphæðarinnar deilt jafnt á félögin og síðan er afgangi deilt út í réttu hlutfalli við nemendafjölda í grunnskóla hvers byggðarkjarna 1. febrúar ár hvert. Styrk til meginfélaga er úthlutað í febrúar.
2. Ferðastyrkir eru greiddir til sömu aðila og í sömu hlutföllum og ferðasjóður ÍSÍ greiðir til íþróttafélaga í Fjarðabyggð. Fræðslu- og frístundanevnd getur úthlutað 10% af heildar fjármunum ferðastyrkja til sérstakra verkefna. Ferðastyrkir sem taka mið af úthlutun ferðasjóðs ÍSÍ eru greiddir út mánuði eftir að úthlutun úr ferðasjóði ÍSÍ hefur farið fram.
3. Samvinnuverkefni, sem stuðla að samvinnu milli íþróttafélaga í Fjarðabyggð eða sameiningu þeirra, eru styrkt sérstaklega. Verkefni sem styrkt eru skulu vinna þvert á byggðarkjarna. Sótt skal um styrk til samvinnuverkefna fyrir 1. febrúar ár hvert og er styrkjum úthlutað í febrúarmánuði. Fræðslu- og frístundanevnd setur viðmið fyrir hverja úthlutun.



4. Afreksstyrkir eru veittir til íþróttafélaga á grundvelli einstaklings- og hópafreka iðkenda félaganna og eru hugsaðir til að verðlauna félög fyrir að fóstora og þjálfra afreksmenn. Styrkir eru veittir fyrir árangur næstliðins árs. Félög geta sótt um þessa styrki vegna landsmótstítla eða landsmótsmeta á vegum UMFÍ, titla á Andrésar Andarleikum, vegna Íslandsmeistararitla, bikarmeistararitla og Íslandsmeta, vegna norðurlanda-, Evrópu- og heimsmeistararitla og vegna norðurlanda-, Evrópu- og heimsmeta, hvort sem keppt er í einstaklings- eða hópíþrótt. Einnig eru veittir styrkir fyrir lið sem vinna sig upp um deild og fyrir einstaklinga sem valdir eru í landsliðshóp. Ekki eru veittir styrkir vegna einstaklinga sem valdir eru í úrtakshóp landsliða. Fræðslu- og frístundanevnd setur viðmið fyrir hverja úthlutun. Afreksstyrkjum er úthlutað í febrúar ár hvert. Fræðslu- og frístundanevnd áskilur sér rétt til að verðlauna annan framúrskarandi árangur á sviði íþróttá sérstaklega.
5. Sérverkefni eru verkefni sem falla ekki undir fyrrgreindar skilgreiningar. Tilgangur styrkveitinga er að gefa nýjum verkefnum og nýjum íþróttafélögum tilverurétt.

Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir

Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir eru hugsaðir fyrir íþróttafélög sem reka eigin íþróttaaðstöðu og teljast ekki til meginfélaganna. Sótt skal um rekstrar- og uppbyggingarstyrki fyrir 1. febrúar ár hvert og er styrkjum úthlutað í febrúar.

Við úthlutun er litið til eftirfarandi þátta:

- fyrirhugaðra framkvæmda
- rekstrarumfangs
- tilhögun námskeiða fyrir börn og ungmenni

Félög skila umsókn og greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur ársins. Auk þess skulu félög skila lýsingu á þeim barna- og ungmennanámskeiðum sem fyrirhuguð eru. Starfsmenn fræðslu- og frístundanevndar funda með forsvarsmönnum félaga og leggja tillögu fyrir fræðslu- og frístundanevnd um skiptingu.

Fræðslu- og frístundanevnd áskilur sér rétt til að gera 3-5 ára samninga við íþróttafélög sem reka eigin íþróttaaðstöðu.

Fræðslu- og frístundanevnd Fjarðabyggðar úthlutar ofangreindum styrkjum. Nefndin setur kvaðir um skil á ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð frá meginfélögum fyrir 1. maí ár hvert og áskilur sér rétt til að leita upplýsinga frá öðrum félögum um starfsemi félaganna og reikninga þeirra.

Fjarðabyggð 21. febrúar 2013

Páll Björns Guðmundsson

Samþykkt í fræðslu- og frístundanevnd 13. febrúar 2013
Samþykkt í bæjarráði 18. febrúar 2013
Samþykkt í bæjarstjórn 20. febrúar 2013

